


Mánastaðir 1 og 2 / Kambastaðir í Sveitarfélaginu Ölfusi

Mánastaðir 2-4. Deiliskipulagsbreyting



Breyttur deiliskipulagsuppdráttur í mvk. 1: 1.500



Gildandi deiliskipulagsuppdráttur í mvk. 1:1500. Tók gildi 12.06. 2020.

Greinargerð

Deiliskipulag Mánastaða 1, Mánastaða 2 og Kambastaða í Sveitarfélaginu Ölfusi var samþykkt í sveitarstjórn 27. ágúst 2019 og tók gildi með birtingu auglýsingar þar um í B-deild Stjórnartíðinda þann 12. júní 2020. Í Aðalskipulagi Sveitarfélagsins Ölfuss 2010-2022 er svæðið skilgreint landbúnaðarsvæði. Þar kemur m.a. fram að heimilt er að byggja fristundahús og ibúðarhús, sem ekki tengjast búrekstri á landbúnaðarsvæðum bújárða, án pess að breyta þurfi aðalskipulagi og fer fjöldi húsa eftir stærð lands. Á landspildum sem eru 0,5 - 3,0 ha að stærð er heimilt að byggja ibúðarhús, gestahús og bílskúr í samræmi við nýtingarhlutfall sem er 0,05.

Breyting á deiliskipulagi fellst í að Mánastöðum 2 er skipt upp í 4 lóðir og skilgreindur byggingarreitur á þremur þeirra. Lóðirnar fá heitin Mánastaðir 2, 3, 4 og 5. Aðkoma að Mánastöðum 1, 2 og 3 er frá Bæjarhverfisvegi (3740) og liggur um land Litla Saurbær 1 (L171771) og er sameiginleg með Hreiðri (L172272) og Stóra Saurbær 3 (L227193). Aðkoma að Mánastöðum 4 og 5 er frá Bæjarhverfisvegi (3740), er sameiginleg með Kambastöðum og er kvöð á lóðunum um aðkomuna. Lóð nr. 5 er 10 x 15 m og er fyrir sorg og flokkun þess.

Í kafla 4.1 Lóðir í greinargerð breytast og bætast við eftirfarandi skilgreiningar á lóðum:

Mánastaðir 2 og 3 eru um 0,5 ha, Mánastaðir 4 um 2,17 ha og Mánastaðir 5 er 150 m² lóð fyrir sorg og flokkun þess til ráðstöfunar fyrir sveitarfélagið.

Í kafla 4.2 Byggingar í greinargerð breytast og bætast við eftirfarandi skilgreiningar á byggingarreitum:


B3 og B6 Á byggingarreitum er heimilt að byggja allt að 220 m² ibúðarhús og bílskúr, samþyggt eða hvort í sínu lagi. Þá er heimilt að byggja allt að 80 m² gestahús eða annan bílskúr. Heildarbyggingamagn er allt að 300 m²

B5 Á byggingarreit er heimilt að byggja allt að 200 m² ibúðarhús og bílskúr, samþyggt eða hvort í sínu lagi. Þá er heimilt að byggja allt að 67 m² gestahús eða annan bílskúr. Heildarbyggingamagn er allt að 267 m².

Hámarkshæð gestahúsa hækkar úr 4 m í 5 m. Þar sem ekki er byggt gestahús má fullnýta byggingarheimild viðkomandi lóðar fyrir ibúðarhús og bílskúra.

Helstu umhverfisáhrif af uppyggingu eru sjónræn af byggingum og aukinni bygg fylgir meiri umferð.

Fyrir utan breytingar þessar gildir áfram deiliskipulag sem tók gildi 12.06.2020.



Aðalskipulag Sveitarfélagsins Ölfuss 2010-2022
í mkv. 1:50.000

SKÝRINGAR

- Skipulagssvæði
- Byggingareitur
- Lóðamörk
- Núverandi hús
- Vegur
- Reiðstígur
- Sveitarfélagsmörk
- Hreinsivirkir
- Slóðir
- Mörk deiliskipulagsbreytingar

SAMPYKKTIR

Deiliskipulagsbreyting þessi, sem kynnt og auglýst hefur verið samkvæmt 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, frá

til

var samþykkt af sveitarstjórn Ölfuss

þann 2020

f.h. Sveitarfélagsins Ölfuss

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann _____

SKIPULAGSGÖGN:

Deiliskipulagsuppdráttur í mvk. 1:1.500.

Gögn deiliskipulags sem verið er að breyta eru
Deiliskipulagsuppdráttur dagsettur 24.02.2019, breytt 31.03.2020
Greinargerð dagsett 24.04.2019, breytt 31.03.2020

Mánastaðir / Kambastaðir

Mánastaðir 2-4

Deiliskipulagsbreyting TILLAGA

EFLA	Verk: 7959-001-02	Dags: 04.08.2020
	Mkv. 1:1.500 í A2	Breytt:
	Unnið: KDG, ÁJ, AB	Rýnt: IS